



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

3. febrúar 2022

Umsögn við mál nr. 11: Frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2

Ungir umhverfissinnar hafa kynnt sér frumvarpið og telja að framsögumenn þess ættu að draga það til baka, í ljósi eftirfarandi athugasemda:

- **Umhverfismat væri sniðgengið**

- Gengið yrði framhjá lýðræðislegu ferli: Tilgangur umhverfismats er m.a. að tryggja að komist sé að málefnalegri niðurstöðu með aðkomu hagaðila og almennings, sbr. 1. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, en frumvarpið snýst um að ganga framhjá þessu lýðræðislega ferli.
- Náttúruverndarlögum yrði ekki framfylgt: Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er markmið þeirra að „vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum Umhverfisbreytingum“. Landsneti ber því skylda til að velja þann kost sem hefur minnst neikvæð áhrif á landslag og lífríki.
- Misvísandi rökstuðningur fyrir inngripi: Í frumvarpinu er gefið í skyn að nauðsynlegt sé að það verði af framkvæmd Suðurnesjalínu 2. Sú leið sem lögð er til er að fara gegn ákvörðun sveitarfélaga og umhverfismats en ekki er minnst á þá einföldu lausn að hvetja Landsnet til að fara eftir lýðræðislegri niðurstöðu umhverfismatsins. Það að framkvæmdin sé mikilvæg fyrir raforkuöryggi á Suðurnesjum eru ekki nægilega sterk rök til þess að velja einn valkost umfram annan, sér í lagi þegar hann sniðgengur umhverfismat.

- **Ófullnægjandi undirbúningur frumvarps**

- Samræmi við stefnu Alþingis: Einungis er fjallað um samræmi við ákveðin lög og stefnur stjórnvalda en ekki t.a.m. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, og lög um náttúruvernd, nr. 60/2013.
- Samræmi við stefnu sveitarfélaga: Vísað er í aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 án þess að nefna að í nýju aðalskipulagi Voga verði einungis heimilt að framkvæma í samræmi við niðurstöðu nágildandi umhverfismats.
- Misvísandi túlkun á minnisblaði frá Eflu: Gefið er í skyn að minnisblað, sem var unnið að beiðni Landsnets, hafi úrslitaáhrif á valkostagreiningu þrátt fyrir að það fjalli einungis um afmarkaða þætti umhverfismatsins og hafi jafnframt ekki fengið faglega rýni líkt og önnur gögn málsins, sbr. d-lið 17. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

- **Alþingi væri að taka til sín of mikil völd**

- Skipulagsvald yrði tekið af sveitarfélögum: Frumvarpið felur í sér tilraun til að gjaldfella lýðræðislega stefnumótun sveitarfélaga um landnotkun.
- Aðkoma ungs fólks yrði skert: Frumvarpið takmarkar verulega tækifæri ungs fólks til að hafa áhrif á stefnumótun í sínu nærumhverfi og hefur neikvæð áhrif á traust ungs fólks til Alþingis.

Ungir umhverfissinnar óska eftir því að koma fyrir nefndina.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna



Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, náttúruverndarfulltrúi